

Stjórnarfundur UMSE nr. 780 haldinn í Búgarði mánudaginn 19. mars 2018. Mætt eru: Sigurður, Þorgerður, Einar, Elvar, Ásdís. Forföll boðuðu: Bjarnveig og Sigrún.

1. Fundur settur. Sigurður setti fund kl. 17:00.

2. Fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir við fundargerðina og telst hún samþykkt.

3. Innsend bréf.

> Frá Lilju í uppstillinganefnd. Ásdís framkvæmdastjóri fór yfir bréf frá Lilju sem er formaður uppstillingarnefndar. Verið er að leita að fólki í embætti. Lagt fram til kynningar.

> FRÍ – þing. Þingið fer fram föstudag og laugardag, 23.-24. mars 2018, í Reykjavík. UMSE á rétt á þremur fulltrúum. Þorgerður ætlar að sækja þingið fyrir hönd UMSE, ætlar að skoða að fá tvo aðra fulltrúa með sér.

> Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ rennur út 1.apríl nk. og umsóknafrestur í Umhverfissjóð UMFÍ rennur út 15.apríl nk. Ásdís framkvæmdastjóri ætlar að minna aðildarfélögin á að sækja um í sjóðina. Beint til stjórnarmanna að láta sér detta í hug verkefni eða námskeið sem UMSE gæti verið með.

4. Styrkumsóknir. Engar.

5. Ársþingið.

> Þingið verður haldið í Laugarborg 22. mars kl. 18:00. Farið yfir ýmis atriði tengd þinginu. Umf. Samherjar útvega þingforseta. Jónína Heiðveig verður ritari.

> Skýrslan. Skýrslan fór í prentun á föstudaginn síðasta.

> Maturinn. Kvenfélagið lðunn sér um matinn, súpa og salat.

> Heiðranir. Framkvæmdastjóri er búinn að fá uppástungur að heiðrunum. Mun bera það undir stjórn með tölvupósti eða á facebook.

> Félagsmálabikarinn. Stjórn ákvað að Skíðafélag Dalvíkur fái félagsmálabikarinn að þessu sinni.

> Annað sem þarf að ræða fyrir þingið. Rætt um ýmislegt er snýr að dagskrá þingsins og tæknilegum atriðum.

6. Önnur mál.

> Ásdís framkvæmdastjóri sagði frá því að hún hefði fengið símtal frá Íþróttafélaginu Magna þar sem þeir viðruðu hugmyndir um að ganga inn í UMSE. Það hefur ekkert formlegt erindi borist og þetta verður því ekki tekið fyrir að svo stöddu.

> Rætt um Felix og Nóra kerfin. Talað um hvort ætti að bjóða upp á námskeið í Nóra kerfinu. Framkvæmdastjóra falið að fá upplýsingar frá UMFÍ um þetta.

7. Tilhögun næsta fundar. Verður ákveðið á ársþinginu.

8. Fundarslit. Sigurður sleit fundi kl. 18:51.

Einar Hafliðason, fundarritari

---

Sigurður Eiríksson, varaformaður UMSE

---